



Kópavogur 31.05.2023.

Til:  
Umhverfis- og samgöngunefndar  
Nefndasviði Alþingis

Frá:  
Öryggisnefnd Félags Íslenskra Atvinnuflugmanna  
Hlíðarsmára 8  
201 Kópavogi  
oryggisnefnd@fia.is

Efni:  
Umsögn um drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli. (Sett með heimild í 6. mgr. 147. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022)

Góðan dag.

Nefndin gerir eftirfarandi athugasemdir við reglugerðardrögin:

Núverandi texti;

1. gr. Markmið

"Markmið reglugerðar þessarar er að kveða á um skýrt ferli við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli sem tryggir hlutaðeigandi aðilum aðkomu að mótun þeirra og öryggi í flugi."

Þar sem fleiri mikilvæg atriði snerta málið vill nefndin leggja til breytingu á orðalagi sem tekur á þeim atriðum betur og skýrir enn frekar fjölbætt öryggi sem eru forsendur þess að halda flugvelli í öruggum rekstri og góðri nýtingu fyrir bæði notendur (farþega í farþegaflugi og sjúklinga í sjúkraflugi t.d.), flugrekstraraðila og þjónustuaðila með fyrirtækjarekstur á viðkomandi flugvelli.

Tillaga að nýju orðalagi fyrstu greinar:

1. gr. Markmið

Markmið reglugerðar þessarar er að kveða á um skýrt ferli við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli sem tryggir hlutaðeigandi aðilum aðkomu að mótun þeirra, öryggi í flugi og flugrekstraröryggisþátta s.s. veðurfarslegra áhrifa á flugbrautir og af byggingum.

Einnig gerir nefndin athugasemd við 2. gr. "Starfshópur".

Engar beinar kröfur eru gerðar um að flugmaður eða veðurfræðingur séu í starfshópnum, þó svo það sé minnst á "...sérfræðingar í flug- og skipulagsmálum." Það er mikilvægt að notendur, í þessu tilviki flugmenn, og veðurfræðingur sem býr til gögn sem flugmenn nota til ákvörðunartöku um flug til og frá flugvöllum, séu í nefndinni.



Nefndin gerir einnig athugasemd við 4. gr.

Í markmiðinu í 1. gr. stendur:

"Markmið reglugerðar þessarar er að kveða á um skýrt ferli við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli sem tryggir hlutaðeigandi aðilum aðkomu að mótun þeirra og öryggi í flugi."

Í 4 gr. eru hlutaðeigendur : " ..m.a. íbúar og eigendur mannvirkja, lóða og fyrirtækja í næsta nágrenni flugvallar, að veita umsögn um tillöguna innan umsagnarfrests."

Hlutaðeigendur hljóta að vera landsmenn allir, sem ættu að mega gefa umsögn, enda flugvellir mikilvægir innviðir þjóðarinnar allrar.

Í 4. grein er einnig talað um birtingu í samráðsgátt og Lögbirtingablaði:

"Hið opna samráð skal a.m.k. fela í sér birtingu tillögu starfshópsins, ásamt greinargerð, í samráðsgátt stjórnvalda og Lögbirtingablaði með að lágmarki sex vikna..."

Benda má á að aðgangur að auglýsingum Lögbirtingablaðs krefst peningalegrar áskriftar, sem takmarkar sýnileika þess;

"Fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs." (Í 7. grein laga um stjórnartíðindi og lögbirtingablað)

Virðingarfyllt,

F.h. Öryggisnefndar FÍA

Matthías Arngrímsson, nefndarmaður